



Stefna dómstóla 2023-2027



DÓMSTÓLAR



Efnisyfirlit

Stefna 2023-2027	3
Helstu forsendur stefnunnar	4
Hlutverk og verkefni dómstóla	5
Gildi	6
Markmið	7
Áherslur	12
Dómstólar um land allt	21

Stefna 2023-2027


MARKMIÐ

Verklag

- » Skilvirkni og gæði
- » Sjálfbærni og umhverfisvitund

Mannauður

- » Hæft starfsfólk
- » Starfsþróun og markviss símenntun
- » Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- » Traust og virðing
- » Jöfn staða kynjanna



Fjármál og rekstur

- » Markviss áætlanagerð
- » Hagkvæmni í rekstri

Þjónusta

- » Réttlát opinber málsmeðferð
- » Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar
- » Traust til dómstóla
- » Notendamiðuð og nútímaleg þjónusta

Helstu forsendur stefnunnar

Stefnan er unnin á grunni eldri stefnu dómstólasýslunnar 2018–2022 en ólíkt henni er stefnan sameiginleg fyrir dómstóla á öllum þremur dómstigum og dómstólasýsluna. Sátt er um að gildi eldri stefnu haldist að mestu óbreytt. Markmið hafa verið uppfærð og sérstök áherslusvið skilgreind. Áherslusviðin taka mið af helstu áskorunum og verkefnum sem þarf að vinna að á gildistíma stefnunnar til að markmiðum stefnunnar verði náð.

Gert er ráð fyrir að dómstólar á hverju dómstigi og dómstólasýslan vinni aðgerðaáætlun til árs í senn í þeim tilgangi að ná fram markmiðum stefnunnar. Árangur aðgerða verður mældur með fyrirfram skilgreindum aðferðum.





Hlutverk og verkefni dómstóla

Það er hlutverk dómstóla í lýðræðisríki að standa vörð um réttarríkið og réttaröryggi.

Um verkefni dómstóla fer eftir fyrirmælum stjórnarskrár og laga. Dómstólar fara með dómsvald. Þeir leysa úr réttarágreiningi milli einstaklinga, fyrirtækja og stjórnvalda og dæma um sekt eða sýknu í sakamálum. Þá skera þeir úr um lögmæti athafna stjórnvalda og hvort löggjöf samræmist stjórnarskrá.

Dómstólum ber að tryggja jafnræði allra fyrir lögum og vernd gegn misbeitingu opinbers valds. Samkvæmt stjórnarskránni eru dómáramar sjálfstæðir. Þeir eiga eingöngu að dæma eftir lögum og vera óvilhallir.

Dómstólasýslan annast og er í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna allra, vinnur að samræmdri framkvæmd og stuðlar þar með að því að dómstólarnir geti sem best rækt hlutverk sitt og verkefni.

Gildi


Starfsfólk dómstóla og dómstólasýslunnar hefur eftirfarandi gildi að leiðarljósi í störfum sínum í þeim tilgangi að dómstólarnir geti rækt hlutverk sitt og verkefni sem best og að þeir njóti trausts í samfélaginu.

Sjálfstæði

Sjálfstæði dómsvaldsins er forsenda þess að aðilar dómsmála fái réttláta málsmeðferð og réttaröryggi verði tryggt. Starfsfólk dómstóla gætir þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl og ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á störf sín, bæði í reynd og ásýnd.

Gæði

Dómarar dæma eftir lögum. Úrlausnir þeirra eiga að vera réttar, vel rökstuddar, skýrar og ritaðar á skiljanlegu máli. Starfsfólk aflar sér og viðheldur nauðsynlegri fagþekkingu og færni. Það leysir öll störf af hendi af fagmennsku og vandar til allra verka.



Trúverðugleiki

Starfsfólk vinnur störf sín af heilindum, gætir jafnræðis og sýnir virðingu.

Skilvirkni

Hæfilegur málsmeðferðartími dómsmála er forsenda réttlátrar málsmeðferðar og réttaröryggis. Verkferlar, verklag og vinna að úrlausn mála miðar að því að tryggja að niðurstaða dómsmála fái inn hæfilegs tíma og að öll þjónusta sé veitt með eins skjótum hætti og kostur er án þess þó að það bitni á gæðum.

Markmið

Meginmarkmið þjónustu, verklags, mannauðs, fjármála og reksturs eru eftirfarandi:




Þjónusta

Réttlát opinber málsmeðferð

Sjálfstæðir og óvilhallir
dómstólar

Traust til dómstóla

Notendamiðuð og
núttímaleg þjónusta



Verklag

Skilvirkni og gæði

Sjálfbærni og
umhverfisvitund



Mannauður

Hæft starfsfólk

Starfsþróun og markviss
símenntun

Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Traust og virðing

Jöfn staða kynjanna



Fjármál og rekstur

Markviss áætlanagerð

Hagkvæmni í rekstri



Þjónusta

1. Réttlát opinber málsmeðferð

Grundvallarregla réttarríkis er réttlát og opinber málsmeðferð. Þinghöld í dómsmálum eru yfirleitt opin og úrlausnir dómstóla eru aðgengilegar þannig að allir geti fylgst með störfum þeirra.

2. Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra eða láta óviðkomandi sjónarmið hafa áhrif á störf sín. Dómstólasýslan virðir og stuðlar að sjálfstæði dómstóla í störfum sínum.

3. Traust til dómstóla


Gagnsæi er undirstaða trausts. Dómstólarnir og dómstólasýslan vinna að því að gera hlutverk og starfsemi dómstóla sýnilega í samfélaginu.

Samræmd framkvæmd dómstóla stuðlar að trausti. Dómstólar og dómstólasýslan vinna að því að tryggja samræmi við framkvæmd verkefna dómstóla.

4. Notendamiðuð og nútímaleg þjónusta

Upplýsingum um starfsemi dómstóla er miðlað á notendavænan og nútímalegan hátt. Leitast er við að tryggja að starfsfólk dómstóla, fjölmiðlar og allur almenningur séu vel upplýst um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar.

Leitað er reglulega sjónarmiða notenda, lögmannna, fjölmiðla og annarra hagaðila um gæði þjónustu dómstóla og hvernig hana megi bæta.



Verklag

1. Skilvirkni og gæði

Dómsúrlausnir eru vel rökstuddar, skýrar og skiljanlegar. Þær eru kveðnar upp innan lögmæltra tímamarka og málsmeðferðartíminn er hæfilegur út frá grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð.

Dómstólasýslan vinnur að því að styðja dómstóla þannig að þeir geti á sem bestan hátt mætt þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Lögð er áhersla á þróun stafrænna lausna til að auka gæði, hagkvæmni og skilvirkni. Skjót úrlausn mála er mikilvæg forsenda réttlátrar málsmeðferðar. Fylgst er skipulega með þróun málsmeðferðartíma. Leitað er leiða til að stytta hann eins og kostur er án þess að það bitni á gæðum úrlausna.

Samræmd framkvæmd við úrlausn mála og stjórnslu dómstóla er mikilvægur þáttur í að stuðla að gæðum í starfsemi dómstóla. Unnið er að því að tryggja að fyrir hendi séu samræmdar reglur, verkferlar, formskjöl og upplýsingar sem stuðla að samræmdri framkvæmd.

2. Sjálfbærni og umhverfisvitund

Unnið er markvisst að því að minnka kolefnisspor í samræmi við stefnu stjórnvalda þar um. Lögð er áhersla á stafrænar lausnir til að draga úr pappírnotkun og ferðum. Hvatt er til umhverfisvænna ferðamáta og leitast við að draga úr sóun.



Mannauður

1. Hæft starfsfólk

Dómstólar og dómstólasýslan leitast við að laða að og halda í hæft, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk og stjórnendur sem geta stuðlað að því að dómstólar og dómstólasýsla nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Sérstök áhersla er á að starfsfólk og stjórnendur tileinki sér þá tækniþæni sem þörf er á í stafrænu umhverfi.

2. Starfsþróun og markviss símenntun

Mikilvægt er að starfsfólk viðhaldi og auki hæfni sína með markvissri símenntun og þroskandi verkefnum. Starfsfólk þarf að eiga kost á þjálfun og leiðsögn í samræmi við þarfir dómstóla og starfsfólks hverju sinni. Tækifæri til starfsþróunar þurfa að vera fyrir hendi eftir því sem starfsfólk eykur hæfni sína og færni. Starfsfólk þarf jafnframt að fá hvatningu og markvissa endurgjöf á störf sín.

3. Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Skapa ber starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstæður til þess að ná að samræma starfsskyldur og einkalíf. Tryggja þarf að starfsumhverfi sé öruggt og heilsusamlegt.

Stjórnendur þurfa að hafa góða hæfni og færni til að skapa gott starfsumhverfi sem er hvetjandi og þar sem styrkleikar starfsfólks fá notið sín og tækifæri eru fyrir hendi til að þróast í starfi.

4. Traust og virðing

Lögð er áhersla á að tryggja góðan starfsanda þar sem gagnkvæmt traust, jafnrétti og virðing ríkir milli alls starfsfólks. Framkoma sem veldur öðrum vanlíðan eða óöryggi er ekki liðin. Fylgt er stefnu og viðbragðsáætlun dómstólasýslu um einelti, kynferðislega eða kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað.

5. Jöfn staða kynjanna

Hjá dómskerfinu er unnið gegn kynbundnum mun á launum og öðrum starfskjörum og stuðlað að jafnrétti kynjanna við ráðningar og starfsþróun.



Fjármál og rekstur

1. Markviss áætlanagerð


Áætlanagerð byggir á vandaðri greiningu á þörfum dómstóla og dómstólasýslunnar með hliðsjón af hlutverki þeirra og verkefnum á hverjum tíma.

2. Hagkvæmni í rekstri

Fjárhagsáætlanir dómstólasýslunnar og dómstóla skulu vera faglega unnar og endurspegla markmið og áherslur stefnunnar. Greina þarf og meta hvernig fjárheimildir verði best nýttar þannig að það skili sem mestu virði fyrir dómstólana og dómstólasýsluna og þar með samfélagið í heild. Tryggja á að rekstur sé í samræmi við fjárheimildir og áætlanir.

Áherslur

Í þeim tilgangi að ná fram markmiðum stefnunnar hafa eftirtalin áherslusvið verið skilgreind. Á öllum áherslusviðum eru tækifæri til úrbóta sem gera dómstóla betur í stakk búna til að rækja hlutverk sitt og verkefni.






Stafrænt dómkerfi

Stafræn umbreyting málsmeðferðar í einka- og sakamálum og stafræn stjórnýsla eru lykilþættir í framþróun í starfsemi dómstóla. Hún felur í sér ávinning fyrir dómstólana og samfélagið í heild.

Í samræmi við stefnu dómstólasýslunnar um stafræna dómstóla er unnið að því að dómstólar verði stafrænir að svo miklu leyti sem það samræmist réttaröryggi borgaranna og meginreglum réttarfars um m.a. opinbera og milliliðalaus málsmeðferð.

Stafræn þróun dómkerfisins styður einkum eftirfarandi markmið:

1. **Þjónusta:** Réttlát málsmeðferð, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta og traust til dómstóla
2. **Verklag:** Skilvirkni, gæði, sjálfbærni og umhverfisvitund
3. **Mannauður:** Eftirsóknarvert starfsumhverfi
4. **Fjármál og rekstur:** Hagkvæmni í rekstri



Innri ábati

- » Aukinn sveigjanleiki
- » Aukin afköst
- » Meira samræmi
- » Staðlað verklag
- » Hagrænn - betri nýting tíma og fjármagns

Ytri ábati

- » Betra aðgengi að dómstólum
- » Aukið gagnsæi
- » Styttri málsmeðferðartími
- » Staðlað verklag
- » Umhverfisábati
- » Hagrænn - betri nýting tíma og fjármagns



Unnið verður að stafrænum umbreytingum í dómskerfinu í samvinnu við dómsmálaráðuneyti sem vinnur að stafrænni samskiptagátt.

Áhersla verður lögð á að einfalda málsmeðferð, draga úr þörf á ferðum aðila í dómhús með gögn og auka notkun stafrænna samskipta og fjarfundatækni án þess þó að draga úr vernd grundvallar-réttinda. Sérstaklega verður gætt að viðkvæmum hópum í því sambandi og að aðgengi þeirra sem ekki geta nýtt sér stafræna tækni skerðist ekki.

Stafrænt umhverfi verður innleitt í áföngum og þannig unnið að því að gögn og upplýsingar flæði rafrænt á milli dómstiga. Í því felst einnig að samskipti innan dómstóla og við notendur verði að miklu leyti stafræn og að skil gagna til Þjóðskjalasafns verði rafræn.

Þarfir innri og ytri notenda verða hafðar í fyrirrúmi og stafrænar lausnir nýttar til að bæta vinnuumhverfi og veita betri þjónustu.

Lögð verður áhersla á að upplýsingatæknikerfi styðji stafræna stjórnslu og málsmeðferð og að samræma eins og kostur er hugbúnað, vélbúnað og verklag dómstóla til að auðvelda stafræn samskipti, draga úr kostnaði við rekstur kerfa og auka gagnsæi. Þá uppfylli upplýsingatæknikerfi ýr-ustu öryggiskröfur. Kerfi og verklag verði þróað á þann hátt að persónuupplýsingar séu verndaðar.

Tímaviðmið

2023

Stafræn samskipti og undirbúningur að stafrænum birtingum.

2024-2025

Stafrænar birtingar hefjast og aukin stafræn þinghöld.

2025-2027

Stafræn málsmeðferð í flestum málum um málagátt.




Upplýsingagjöf og fræðsla um starfsemi dómstóla

Dómstólar og dómstólasýslan miðla fræðslu og upplýsingum um hlutverk dómstóla og starfsemi þeirra með fjölbreyttum og aðgengilegum hætti með það að markmiði að tryggja að þau sem leita þjónustu dómstóla, starfsfólk dómstóla, fjölmiðlar og almenningur, séu vel upplýst um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar um hana hverju sinni.

Aukin upplýsingagjöf og fræðsla styður einkum við eftirfarandi markmið:

1. **Þjónusta:** Traust til dómstóla, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta, réttlát opinber málsmeðferð
2. **Verklag:** Skilvirkni og gæði



Innri ábati

- » Aukin afköst
- » Meira samræmi
- » Hagrænn - betri nýting tíma

Ytri ábati

- » Upplýsingaöflun auðvelduð
- » Samræmd upplýsingagjöf
- » Aukin þekking og skilningur á starfsemi
- » Hagrænn - betri nýting tíma



Lögð verður áhersla á að bæta upplýsingagjöf og fræðslu um hlutverk og starfsemi dómstóla. Söfnun upplýsinga, upplýsingagjöf og fræðsla miðist við þarfir notenda og almennings í samræmi við niðurstöður samráðs og eftir atvikum kannana hjá notendahópum og almenningi. Áhersla verður lögð á fræðslu og miðlun upplýsinga til grunn- og framhaldsskólanemenda.

Áhersla verður lögð á að tryggja að söfnun, vinnsla og miðlun upplýsinga um starfsemi dómstóla, þ.m.t. tölfraðilegar upplýsingar, verði samræmd þannig að tryggja megi áreiðanleika upplýsinga og skilvirkni við vinnslu þeirra og miðlun. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsingagjöf og fræðsla verði sett fram á aðgengilegan hátt.

Í samræmi við stefnu um stafrænt dómskerfi verður lögð áhersla í að nýta í auknum mæli öruggar og notendavænar stafrænar lausnir í samskiptum við notendur og innri samskiptum dómstóla. Lögmennt og aðilar máls hafi aðgang að upplýsingum um stöðu sinna mála. Unnið verður að því að bæta rafrænar upplýsingar sem hjálpa notendum í samskiptum við dómstóla og dómstólasýslu. Einnig verður unnið að þróun gagnvirkra lausna þar sem þær eiga við.

Tímaviðmið

2023

Kannanir.

Samræmd skráning og rafræn miðlun.

Stafrænir miðlar og fræðsluefni.

2024-2025

Stafrænir miðlar og fræðsluefni.

Gagnvirkar samskiptaleiðir.

2025-2027

Parfagreining.

Stafrænir miðlar og fræðsluefni.

Gagnvirkar samskiptaleiðir.




Húsnæðis- og öryggismál

Húsnæði dómstóla þarf að uppfylla kröfur um öryggi og fyrirmæli laga um aðbúnað og hollustuhætti. Dómarar, annað starfsfólk dómstóla og öll sem koma í dómhús verða að geta treyst því að þau njóti þar öryggis. Húsnæðið þarf að hæfa stöðu dómstóla og starfsemi þeirra. Tryggja þarf greitt aðgengi að dómhúsum og innan þeirra.

Áherslurnar styðja einkum við eftirfarandi markmið:

1. **Þjónusta:** Traust til dómstóla
2. **Mannauður:** Eftirsóknarvert starfsumhverfi





Unnið verður að því í samvinnu við stjórnvöld að skýra húsnæðismál dómstóla til framtíðar. Í samræmi við stefnu um öryggi í húsnæði dómstóla verður lögð áhersla á að greina umhverfi og ástand húsnæðis dómstóla og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja að húsnæði dómstóla uppfylli kröfur laga um m.a. heilsusamlegt umhverfi og öryggi starfsfólks, notenda og gagna. Í þeirri vinnu verður m.a. horft til þess að aðgengi að og innan dómstóla sé greitt og að staðsetning, ytra byrði bygginga og innra skipulag tryggi öryggi. Jafnframt verður lögð áhersla á að húsnæði dómstóla sé vandað, það hæfi stöðu þeirra og starfsemi og bjóði upp á nútímalegt og aðlaðandi umhverfi, bæði fyrir starfsfólk og þau sem þangað sækja.

Unnið verður að nauðsynlegum úrbótum á húsnæði dómstóla og þeim forgangsraðað í samræmi við niðurstöður mats á ástandi og öryggi.

Tímaviðmið

2023

Úttekt og mat.

Greining á þörfum og valkostum.

Val á helstu kostum.

Úrbætur í forgangi.

2024-2025

Úrbætur í forgangi.

Stærri verkefni.

2025-2027

Stærri verkefni.




Mannauður og færni

Stafrænar umbreytingar dómstóla, flóknara lagaumhverfi og önnur samfélagsleg þróun krefst vandaðrar greiningar stjórnenda á mannafla-þörf í dómskerfinu og markvissrar fræðslu og þjálfunar.

Áherslurnar styðja einkum við eftirfarandi markmið:

- 1. Mannauður:** Hæfir starfsmenn, starfsþróun og markviss símenntun, traust, jafnrétti og virðing, eftirsóknarvert starfsumhverfi
- 2. Verklag:** Skilvirkni og gæði, hagkvæmni



Innri ábati

- » Aukin afköst
- » Aukin færni og þekking
- » Hagrænn: betri nýting tíma

Ytri ábati

- » Styttri málsmeðferðartími
- » Betri þjónusta
- » Hagrænn - betri nýting tíma



Áhersla verður lögð á að meta hvernig tækniframfarir geta aukið skilvirkni í störfum og gæði þjónustu og því fylgt markvisst eftir. Jafnframt er mikilvægt að greina mannaflapörf í dómskerfinu, m.a. út frá aukinni tækni- og sjálfvirknivæðingu, og vinna að starfsþróunaráætlun sem lögð verði til grundvallar við ráðningar, fræðslu og þjálfun starfsfólks og við mótun verkferla.

Áhersla verður lögð á að dómara og annað starfsfólk dómskerfisins viðhaldi og auki hæfni sína til starfa í rafrænu dómskerfi. Stjórnendur í dómskerfinu bera ábyrgð á að ná fram markmiðum þar um. Tryggja þarf að stjórnendur fái fræðslu og þjálfun, m.a. í árangursmiðaðri stjórnun.

Tímaviðmið

2023

Próun talgreinis og mat á hagræði af frekari tækni- og í sjálfvirknivæðingu. Mat á mannaflapörf og starfsþróunaráætlun.

2024



Innleiðing talgreinis
Mat á tækni- og sjálfvirknivæðingu og forgangsröðun.
Mat á mannaflapörf og starfsþróunaráætlun.

2025-2027

Frekari þróun og innleiðing tækni- og sjálfvirkni.

Dómstólar um land allt

- Héraðsdómstólar
- Landsréttur
- Hæstiréttur
- Dómstólasýslan





DÓMSTÓLAR